



Alþingi
Erindi nr. P 135/1314
komudagur 4.2.2008

Nefndasvið Alþingis,
menntamálanefnd,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Jafnréttisstofa

Akureyri, 31. janúar 2008.

Með bréfi dags. 14. desember 2007 óskaði menntamálanefnd eftir umsögnum Jafnréttisstofu um eftirtalin frumvörp:

Frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál

Frumvarp til laga um framhaldsskóla, 286. mál

Frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál

Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál.

Meðfylgjandi eru almennar athugasemdir sem lúta að öllum frumvörpunum fjórum og síðan koma athugasemdir við greinar einstakra frumvarpa.

Athugasemdir sem eiga við um 285., 286., 287. og 288. mál

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Í 19. gr. laganna kemur fram að á öllum skólastigum skuli veita fræðslu um jafnréttismál, meðal annars með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Í 2. mgr. 19. gr. segir að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Í 3. mgr. 19. gr. segir enn fremur að þess skuli sérstaklega gætt að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Rannsóknir hafa sýnt að töluverður misbrestur er á því að jafnréttisfræðslu sé sinnt í skólakerfinu. Jafnréttisstofa telur að til þess að uppfylla ákvæði jafnréttislaga sérstaklega 19. gr., sé nauðsynlegt að vísa með skýrum hætti til þessara ákvæða í frumvörpunum öllum, þannig að tryggt verði að á öllum skólastigum verði veitt fræðsla um jafnréttismál og náms- og kennslugögn uppfylli skilyrði jafnréttislaga.

Í frumvarpi til nýrra jafnréttislaga sem nú liggur fyrir þinginu, og búast má við að verði afgreitt á allra næstu vikum, en enn frekar hnykk á ofangreindum atriðum. Þar segir í 23. gr. að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál, þar sem meðal annars skuli lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Í 3. mgr. er sagt að kennslu- og námsgögn skuli vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað og enn fremur segir, í 4. mgr. 23. gr. frv., að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Miðað við ákvæði nágildandi jafnréttislaga sem vísað er til hér að ofan, og með vísan til frumvarps til nýrra jafnréttislaga, telur Jafnréttisstofa nauðsynlegt að nefndin fari vel yfir öll frumvörpin, með það að markmiði að tryggja að ákvæða jafnréttislaga sé gætt og markmiðum þeirra, er lúta að skólastarfi sé náð.



Um frumvarp til laga um grunnskóla, 285. mál.

2. gr. Markmið.

Í greininni segir m.a. að starfshættir grunnskóla skuli mótast af jafnrétti. Jafnréttisstofa telur að kveða þurfi skýrar að orði um að jafnrétti kynja í öllu skólastarfi skuli tryggt.

13. gr. Réttur nemenda.

Lagt er til að bætt verði inn í 1. mgr. ...nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna, **óháð kyni.**“

Í 2. mgr. ætti að vísa til 2. mgr. 19. gr. jafnréttislaga nr. 96/2000, en þar segir að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Sjá einnig 4. mgr. 23. gr. frumvarps til nýrra jafnréttislaga, en þar segir að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

24. gr. Aðalnámskrá

Það þarf að vera tryggt að í aðalnámskrá grunnskóla séu ákvæði jafnréttislaga varðandi jafnréttisfræðslu uppfyllt, en í 1. mgr. 19. gr. laganna segir að veita skuli jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum, sbr. einnig 2. mgr. 23. gr. frumvarps til nýrra jafnréttislaga þar sem segir að nemendur skuli á öllum skólastigum hljóta fræðslu um jafnréttismál.

25. gr. Markmið náms

Í 2. mgr. er lagt til að bætti verði inn í upptalninguna **...jafnréttismálum...**

Um frumvarp til laga um framhaldsskóla, 286. mál.

2. gr. Hlutverk.

Jafnréttisstofa telur að í þessar grein ætti að vísa til jafnréttislaganna og taka fram að hlutverk framhaldsskóla sé að búa nemendur, **óháð kyni**, undir þátttöku í atvinnulífmu og frekara námi.

Í loka málslið 2. mgr. 2. gr. ætti að taka framað bæði kynin eigi í framhaldsskólum að öðlast sömu (sambærilega) færni til að gegna sérhæfðum störfum og kynin hafi sömu forsendur til að sækja sér frekari menntun.

21. gr. Aðalnámskrá.

Jafnréttisstofa telur nauðsynlegt að vísa hér til ákvæða jafnréttislaga um menntun og skólastarf, til þess að tryggt verði að þau ákvæði verði uppfyllt af framhaldsskólunum.

22. gr. Skólanámskrá.

Í lokamálslið 2. mgr. 22. gr. verði bætti við að sérhver skóli skuli í skólanámskrá gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir markmið jafnréttislaga varðandi nám og kennslu.

37. gr. Náms- og starfsráðgjöf.

Nauðsynlegt að vísa til 2. mgr. 19. gr. jafnréttislaga þar sem talað er sérstaklega um að við náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem litið hefur verið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Sjá einnig 4. mgr. 23. gr. frumvarps til nýrra jafnréttislaga þar sem segir að stúlkur og piltar skuli, óháð kyni, hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Um frumvarp til laga um leikskóla, 287. mál.

2. gr. Markmið

Jafnréttisstofa telur að í þessari grein eigi að taka fram að það eigi að búa bæði kynin jafnt undir jafna þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Þess vegna er rétt að nefna jafnrétti kynja í þessari gein, alveg eins og víðsýni, tjáningu ofl.

13. gr. Aðalnámskrá

Jafnréttisstofa telur nauðsynlegt að vísa hér til ákvæða jafnréttislaga um menntun og skólastarf, til þess að tryggð verði að þau ákvæði verði uppfyllt af leikskólunum.

14. gr. Skólanámskrá

Í 1. mgr. 14. gr. verði bætti við að sérhver skóli skuli í skólanámskrá gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir markmið jafnréttislaga varðandi jafnréttisfræðslu.

Um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 288. mál.


Ráðningar

Jafnréttisstofa bendir á nauðsyn þess að allt allir stjórnendur og kennarar á öllum skólastigum hafi þekkingu á jafnréttismálum, en slík þekking er forsenda fyrir því að markmiðum jafnréttislaga varðandi menntun og skólastarf verði náð. Í frumvarpi til nýrra jafnréttislaga segir í 1. mgr. 23. gr. að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Ljóst er að verði það frumvarp að lögum verða gerðar ríkar kröfur til allra skólastiga um að tryggja kynjasambættingu. Vegna þessa þarf að taka fram, í þeim ákvæðum sem lúta að ráðningum, sérstaklega ráðningum stjórnenda, sjá 10., 13. og 17. gr. frumvarpsins, að þekking á jafnréttismálum sé nauðsynleg.

8. gr. Um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara

Í þessu ákvæði er rétt að taka fram nauðsyn á því að tilvonandi kennarar á öllum skólastigum fái fræðslu um kynjajafnrétti, enda er þekking þessara aðila á jafnréttismálum forsenda fyrir því að markmiðum jafnréttislaga varðandi menntun og skólastarf verði náð.

Virðingarfyllst,
f.h. Jafnréttisstofu



Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur